

Útgerðarfélag Akureyringa hf
Guðbrandur Sigurðsson
600 Akureyri

2001120016
6506; 9310

Reykjavík, 25. janúar 2002
/ÞFP

**Efni: Ákvörðun um matsskyldu. Þorskeldi í sjókvíum við Rauðuvík í Eyjafirði.
Útgerðarfélag Akureyringa**

Vísað er til erindis Útgerðarfélags Akureyringa hf. móttækið 13. desember 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt þorskeldi í sjókvíum við Rauðuvík í Eyjafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Siglingastofnunar Íslands og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 15. janúar 2002, dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 7. janúar 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. janúar 2002, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 9. janúar 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfum dags. 3. og 18. janúar 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 9. janúar 2002, Siglingastofnun með bréfi dags. 7. janúar 2002 og veiðimálastjóra með bréfum dags. 28. desember 2001 og 24. janúar 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 28. desember 2001, 4., 7., 9., 15. og 16. janúar 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd við Rauðuvík

Í framlögðum gögnum Útgerðarfélags Akureyringa hf. kemur fram að ráðgert sé að hefja eldi á allt að 1000 tonnum af þorski í sjókvíum við Rauðuvík. Fyrirhugað er að staðsetja kvíarnar á 40-50 m dýpi í 400-600 m fjarlægð frá landi og er ekki gert ráð fyrir byggingu mannvirkja í landi vegna starfseminnar. Fiskeldinu fylgi losun lífræns úrgangs og næringarefna og sé miðað við fóðurstuðul 1,2 falli til umhverfisins við 1000 tonna ársframleiðslu, 50 tonn af köfnunarefni og 7 tonn af fosfór. Markmið með staðsetningu kvíanna er að hafa nægilegt dýpi og sem sterkastan straum til að tryggja að dreifing úrgangsefna verði sem mest. Mælingar í nágrenni við fyrirhugaðan eldisstað sýni að straumhraði sé breytilegur og geti farið yfir 10

sm/sek. Súrefnismælingar sýni einnig að súrefnismettun fer neðst niður í 70% við botn.

Fram kemur að önnur fiskeldisstarfsemi í firðinum sé lúðueldi á Hjalteyri og Dalvík á vegum Fiskeldis Eyjafjarðar, kræklingarækt í Skjaldarvík á vegum Norðurskeljar ehf. og laxeldi í Ystuvík á vegum Víkurlax hf. Sjávarsvæðið sem eldið er fyrirhugað á njóti ekki sérstakrar verndar.

Gert sé ráð fyrir að allur fiskur verði bólusetur og þannig reynt að koma í veg fyrir lyfjanoftkun. Tekin verði sýni af sjávarbotni að vori áður en fiskur er settur í kvíarnar til að fylgjast með þróun vistkerfis botnsins og þær færðar til eftir þörfum innan þess svæðis sem starfsleyfi heimilar.

Stefnt er að því að hefja tilraunaeldi sumarið 2002 og nýta niðurstöður til ákvarðana um frekari uppbyggingu. Þorskur verði veiddur í gildrum og honum komið fyrir í kvíunum. Fyrsta árið verði notað til eldisprófana t.d. er varða fóðurgerðir, aðferðir við fóðrun, prófun mismunandi þorsstofna, rannsókna á áhrifum hitastigs og birtu á vöxt og mat á gæðum fiskins eftir slátrun.

Framkvæmdaraðili bendir á að fyrirhuguð sé marghátuð vöktun umhverfisþátta, m.a. áhrifa á lífríki í næsta nágrenni eldisstövarinnar sem muni tryggja að fram fari „lifandi“ mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili telur því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum, skv. 6. gr. laga nr 106/200.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar fer ekki fram á að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fari fram.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemd við framkvæmdina hvað varðar siglingu skipa en bendir á að æskilegt sé að sjókvíarnar verði mektar skv. alþjóðareglum vitastofnana.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við framkvæmdina þar sem gögn stofnunarinnar bendi ekki til þess að fornleifum stafi hættu af framkvæmdinni en vísað er til 13. gr. þjóðminjalaga um viðbrögð ef fornleifar koma í ljós við framkvæmdir.

Sammögnunaráhrif

Dýralæknir fisksjúkdóma bendir á að eldi á undirmálsþorski í kvíum hefur verið stundað í smáum stíl hér við land, mest á Austfjörðum og Vestfjörðum og hafi verið mjög farsælt hvað sjúkdóma varðar. Hann telur að niðurstöður úr þorskeldi sem stundað hefur verið hér við land, ásamt rannsóknargögnum nágrannalanda okkar um eldi á þorski nýtist okkur vel og telur ekki þörf á að fyrirhuguð framkvæmd fari í sérskytt mat á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnunin er sama sinnis og dýralæknir fisksjúkdóma en vekur hins vegar athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar segir m.a.: „Samkvæmt strauummælingum Hafrannsóknastofnunarinnar liggja ríkjandi straumar inn fjörðinn að vestanverðu og út að austanverðu. Kvíarnar verða staðsettar um 28 km frá fjarðarbotni þar

sem straumar eru frekar stríðir eða allt að 20 cm/s. Þó má gera ráð fyrir að fódurleifar safnist fyrir undir kvíum og eyði botndýralífi á takmörkuðu svæði. Með því að færa til kvíar og hvíla hvert svæði í nægilega langan tíma er líklegt að svæðin nái að hreinsa sig. Með vöktun á botnseti undir kvíum verður hægt að bregðast tímanlega við þessum vanda. Ekki þarf að óttast óæskilega erfðablöndun við villta stofna þó að fiskur sleppi úr kvíum vegna þess að eldisfiskurinn verður af villtum uppruna. Eftir að kynbætur á þorski hefjast getur orðið munur á erfðasamsetningu eldisþorsks og villtra stofna en áhrif erfðablöndunar yrðu væntanlega lítil vegna þess hve mikið er af villtum þorski við Ísland. Fyrirhuguð staðsetning er í um 6 km fjarlægð frá seiðaeldisstöð Fiskeldis Eyjafjarðar hf á Hjalteyri og í um 4 km fjarlægð frá Hauganesi þar sem seiðaeldi á þorski og eldi á sæeyra er fyrirhugað. Samkvæmt reglugerð nr. 105/2000 skal vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis ekki vera minni en 2 km. Lúðuklakstöð er á Dalvík í um 15 km fjarlægð og lítilsháttar laxeldi er stundað við Yztuvík í um 12 km fjarlægð. Áður hefur AGVA ehf. sótt um leyfi fyrir 4000 tonna árlegri framleiðslu á þorski við Brimnes í um 6 km fjarlægð frá Rauðuvík, Útgerðarfélag Akureyringa hefur sótt um leyfi til þorsk- og lúðueldis við Grenivík í um 8 km fjarlægð og Svalbarðseyri í um 18 km fjarlægð. Full afköst allra fiskeldisstöðva sem sótt hafa um leyfi í Eyjafirði eru um 9000 tonn á ári. Lauslegir útreikningar benda til að 9000 tonna árleg framleiðsla á eldisfiski losi 90-170 tonn af köfnunarefni út í umhverfið en stærðargráða árlegrar upptöku svifþörungna í Eyjafirði er um 7500 tonn og er þá ótalið það magn köfnunarefnis sem botnþörungar í Eyjafirði binda árlega. Þannig mundi 9000 tonna fiskeldi í Eyjafirði árlega leggja til um 2% af því köfnunarefni sem plöntur í firðinum taka upp.“

Hollustuvernd ríkisins telur mestar líkur á að skilgreina megi svæðið við Rauðuvík sem síður viðkvæmt svæði og stofnunin hefur ekki gert kröfu um að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna kvíaeldis á svæðum sem skilgreina má sem síður viðkvæm, enda leggi framkvæmdaaðili fram gögn sem sýna að svo sé. Stofnunin telur eðlilegt að fyrirtækið leggi fram gögn sem sýni að staðsetning stöðvanna hafi ekki áhrif á aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir og aðrar heimildir til framkvæmda á svæðinu eða leggi á þær fyrirætlanir takmarkandi byrðar sem taka þurfi tillit til við gerð starfsleyfis. Stofnunin vísar því til framkvæmdaraðila að fjalla um þessa þætti á þann hátt sem Skipulagsstofnun þykir fullnægjandi svo hagsmuna annarra sé gætt, einnig til að skipulagsleg niðurstaða fái um þessi atriði áður en til starfsleyfavinnslu kemur. Bent er á að hjá stofnuninni liggur mál í biðstöðu varðandi starfsleyfi á eldissvæðinu sem sótt er nú um, sbr. bréf dags. 9. okt. og 27. nóvember 2000. Bent er á að upplýsingar um fjölda og rúmmál eldiskvíá vanti og að teikning af kví sé ófullnægjandi, á hana vanti dýpi á eldisstað og nánari upplýsingar um staðsetningu. Þá er bent á að á kort af Eyjafirði vanti laxeldiskvíar við Ystuvík og kræklingaeldi við Skjaldarvík. Einnig er bent á að í Eyjafirði eru 7-8 þéttbýlisstaðir og þykir eðlilegt að sveitafélögin við Eyjafjörð láti fara fram heildstætt mat á umhverfisáhrifum allra fyrirhugaðra fiskeldisstöðva í firðinum eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum stofnunarinnar vegna fiskeldis í Eyjafirði.

Í svörum **framkvæmdaraðila** kemur fram að ráðgert er að nota hringlaga sjókvíar úr PE plasti er verða staðsettar á 35-50 m dýpi. Fyrir eldi á eitt þúsund tonnum af þorski verði tíu hringlaga eldiskvíar með 20 metra þvermáli og 18 metra djúpar samtals 54.000 m³. Þessar kvíar ná dýpst niður á um 23 metra og verða hnýttar saman í tvöfaldri röð. Einnig verða sex kvíar fyrir seiði, smærri fisk og rannsóknir er verða hringlaga, með um 12 metrar þvermál og 12 metra djúpar.

Samtals 8.000 m³.

Náttúruvernd ríkisins telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum ef um tilraunaeldi sé að ræða sem hafi ákveðið upphaf og endi með viðeigandi rannsóknir á áhrifum á lífríki eftir viðurkenndri rannsóknaráætlun er taki m.a. tillit til fiskeldis almennt í Eyjafirði, enda verði þá matsskylda skoðuð að tilraun lokinni. Ef ekki sé um tilraunaeldi að ræða sé farsælast að fram fari mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin byggir þá skoðun sína á því að skoða þurfi betur náttúrufar, mengun, sjúkdóma og sjávarstrauma og samverkan þarna á milli ásamt samverkan við aðra auðlindanýtingu á svæðinu. Meta þurfi umhverfisáhrif framkvæmdarinnar sérstaklega m.t.t.1. gr. og liða i, ii, iii og iv þar undir, í viðauka 3. í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sérstaklega þurfir að gera þetta vegna fjölda umsókna um mismunandi sjókvíaeldi í Eyjafirði.

Veidimálastjóri telur að framkvæmdin skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum þar sem reikna megji með ýmis konar sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum á fremur takmörkuðu svæði. Vísar hann til sjókvíaeldis á laxi og þorski við Brimnes og vegna stækkunar á sjókvíaeldi í Ystuvík í Eyjafirði og bendir einnig á að straumur fellur inn með vestanverðum Eyjafirði og aðeins eru um 6 km frá Rauðuvík inn að Hjalteyri, þar sem stundað er eldi á lúðuseiðum með sjódælingu.

Í svörum **framkvæmdaraðila** kemur fram að fyrirhugaður eldisstaður er rúmlega 5 km norðan Hjalteyrar, sem er 2,5 sinnum sú fjarlægð sem gert er ráð fyrir að sé lágmarks fjarlægð milli eldisstöðva samkvæmt reglugerð nr. 105/2000 og 12 km norðan við laxeldi í Ystuvík. Í lúðueldi á Hjalteyri séu einnig gerðar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn utanaðkomandi mengun í sjötökubúnaði. Það verði því að teljast hverfandi líkur á að fyrirhugað þorskeldi skapi hættu fyrir lúðueldi á Hjalteyri. Bent er á að fiskeldi í Eyjafirði er mjög lítið, stærsta stöðin sé með 200 tonna leyfi fyrir laxeldi í Ystuvík. Varðandi aðra mengandi starfsemi sé fyrirhugað eldi staðsett í góðri fjarlægð frá helstu þéttbýliskjörnum fjarðarins þannig að lítil hætta sé á hagsmunaaðrekstrum vegna annarrar mengandi starfsemi.

Bent er á að í þeim þorskeldistilraunum sem framkvæmdar hafa verið hér á landi hafi sjúkdómar ekki enn verið vandamál. Sjúkdómar í fiskeldi hafa helst verið vandamál þar sem fiskur er alinn við slæmar aðstæður í miklum þéttleika en í fyrirhuguðu eldi framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að hámarks þéttleiki í eldiskvíum verði einungis 15 kg/m³.

Framkvæmdaraðili bendir á að án þróunarvinnu verði arðbært þorskeldi ekki stundað hér á landi í framtíðinni og til þess að gera marktækar eldisrannsóknir sé nauðsynlegt að stunda tilraunaeldi á þorski í marktækri stærð. Í þessu skyni hefur framkvæmdaraðili áform um að setja um 100 tonn af unghorski í kvíar fyrri hluta þessa árs og gera megji ráð fyrir að lífmassi þessa eldis geti farið upp í 250 til 300 tonn. Þessu til viðbótar áformi framkvæmdaraðili að ala árlega 10-15 þús. þorskseiði á 2-3 árum upp í 3-4 kg sláturstærð og setja fyrstu seiðin í sjókvíar í júní á þessu ári. Líkur séu á að magn þorsks í eldi muni aukast samhliða árangri og því sé það mat framkvæmdaraðila að alls ekki sé ótímabært að sækja um leyfi til eldis á eitt þúsund tonnum af þorski. Erfitt sé hins vegar að spá fyrir um hvenær fyrirhuguðu tilraunaeldi líkur.

Þá óskaði framkvæmdaraðili eftir nánari leiðbeiningu Skipulagsstofnunar um hvað fælist í ósk Hollustuverndar ríkisins um að fyrirtækið legði fram gögn sem sýni að staðsetning stöðvarinnar hafi ekki áhrif á aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir og aðrar heimildir til

framkvæmda á svæðinu eða leggi á þær fyrirætlanir takamarkandi byrðar sem taka þurfi tillit til við gerð starfsleyfis.

Í frekari umsögn **Hollustuverndar ríkisins** er vísað í bréf Skipulagsstofnunar, dags. 15. janúar 2002, þar sem því er m.a. beint til Hollustuverndar ríkisins að taka saman upplýsingar um allt eldi sjávarlífvera svo sem staðsetningu allra útrása og sjókvía, helgunarsvæði og næringarefnaálag. Þar segir m.a.:

„Það er mat Hollustuvernd ríkisins að taka þurfi saman og/eða afla eftirfarandi upplýsinga.

- Staðsetningu útrása
- Staðsetning sjókvía
- Helgunarsvæði
- Magn áburðarefna
- Losun frá byggð og atvinnurekstri
- Losun frá úrkomu og afrennsli af landi
- Hafstraumar inn Eyjafjörð.
- Hnita allar upplýsingarnar inn á kort

Hluti þessara upplýsinga er til hjá viðkomandi stofnunum eins og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Hollustuvernd ríkisins, en annarra þarf að afla eða vinna úr tiltækum gögnum og er þónokkur kostnaður því samfara. Hollustuvernd ríkisins telur að beina ætti þessu frekar til viðkomandi sveitarfélaga frekar en stofnunarinnar, þó svo að hennar sé að hafa yfirsýn. Hollustuvernd ríkisins er að sjálfsögðu reiðubúin að veita aðgang að þeim upplýsingum sem hún hefur varðandi þetta og aðstoða við framsetningu á þeim.“

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða eldi á þorski, allt að 1000 tonn, í sjókvíum við Rauðuvík við Árskógsströnd. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Dalvíkurbyggð, Fornleifavernd ríkisins, dýralæknir fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunin, og Siglingastofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnunin vekur sérstaka athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins.

Náttúruvernd ríkisins telur farsælast að fram fari mat á umhverfisáhrifum og byggir þá skoðun á því að skoða þurfi betur áhrif fiskeldis á náttúruna ásamt samverkan við aðra auðlindanýtingu á svæðinu. Engin heildaryfirsýn sé yfir málaflokkinn í Eyjafirði t.d. m.t.t. hvort vel fari saman eldi á mismunandi tegundum fiska með lítilli fjarlægð á milli.

Veiðimálastjóri telur að framkvæmdin skuli vera háð mati á umhverfisáhrifum þar sem reikna megi með ýmiss konar sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum á fremur takmörkuðu svæði.

Skipulagsstofnun hefur fengið upplýsingar frá Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra (HEN), framkvæmdaraðila og veiðimálastjóra um eldi sjávarlífvera og laxfiska í og við Eyjafjörð um hvaða eldi er í gangi og hvaða starfs- og rekstrarleyfi eru í gildi. Ekki var útkljáð hvort staðsetningarleyfi frá 1988 fyrir atvinnurekstur í Rauðuvík sem getur haft í för með sér mengun er í gildi. Samkvæmt upplýsingum HEN er ekkert eldi í Rauðuvík og hefur ekki verið til margra ára. Fyrir liggur umsókn um starfsleyfi hjá HEN fyrir kræklingaeldi, frá 28. ágúst 2000, sem ekki hefur verið afgreidd vegna óafgreiddrar eldri umsóknar um laxeldi hjá Hollustuvernd ríkisins.

Skipulagsstofnun telur fyrirhugað eldi á þorski í sjókvíum ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þetta byggist á eftirfarandi:

Samkvæmt fram komnum gögnum er ekki annað eldi í rekstri innan 2 km fjarlægðar frá fyrirhugaðri staðsetningu sjókvía. Umfang eldisins hvað varðar magn, dýpi og strauma þar sem kvíar verða staðsettar bendir til þess að hætta á varanlegri mengun vegna lífræns úrgangs sé lítil. Þó telur Skipulagsstofnun æskilegra að kvíarnar verði úti á meira dýpi en 35 m til að draga úr hættu á uppsöfnun úrgangs á botni undir kvíunum. Ekki er umtalsverð hætta á að eldið valdi smíthættu og sjúkdómum. Eldisstofnar gefa ekki tilefni til að ætla að um vandamál vegna erfðablöndunar verði að ræða.

Skipulagsstofnun telur töluverða óvissu vera fyrir hendi um aðferðir við eldið, þar sem reynsla af sjókvíaeldi þorsks er mjög takmörkuð, sem gerir það að verkum að umfang eldisins verði takmarkað í byrjun og gefi möguleika á gagnasöfnun með vandaðri vöktun umhverfisþátta til undirbúnings ákvarðanatöku um umfangsmeira eldi, komi það til greina að mati leyfisveitenda. Skipulagsstofnun telur hér vera um að ræða tilraunaeldi, eins og framkvæmdaraðili undirstrikar, sem lið í undirbúningi ákvarðana um umfangsmeira þorskeldi hér við land.

Skipulagsstofnun telur að marka þurfi heildarstefnu fyrir fiskeldi í Eyjafirði, jafnt á landi sem í sjó. Rök fyrir því eru meðal annars þau að aðstaða til eldis er takmörkuð auðlind og því eðlilegt að líta til framtíðarmöguleika eldisins og um leið annarra þátta er varða nýtingu Eyjafjarðar. Finna þarf hvar sé best að staðsetja fiskeldisstöðvar út frá ýmsum sjónarmiðum svo sem núverandi nýtingu og hagsmunum óskyldra aðila. Meta þarf saman álag af fráveitu þéttbýlis, landbúnaðar og náttúrulegu afrennsli frá landi og hugsanlegri stóriðju og fiskeldisáformum á móttakann til að ákvarða ásættanlegt umfang eldis með tilliti til þess þáttar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á þorski allt að 1000 tonn í sjókvíum við Rauðuvík við Árskógsströnd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlagna og er því hvorki háð skipulagsafgreiðslu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar. Framkvæmdin er starfsleyfisskyld.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. febrúar 2002.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Dalvíkurbyggð, dýralæknir fisksjúkdóma, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands og veiðimálastjóri.

Fylgiskjöl: Umsagnir Dalvíkurbyggðar dags. 15. janúar 2002, dýralæknis fisksjúkdóma dags. 7. janúar 2002, Fornleifaverndar ríkisins dags. 4. janúar 2002, Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 9. janúar 2002, Hollustuverndar ríkisins dags. 3. og 18. janúar 2002, Náttúruverndar ríkisins dags. 9. janúar 2002, Siglingastofnunar dags. 7. janúar 2002 og veiðimálastjóra dags. 28. desember 2001 og 24. janúar 2002. Tölvupóstur frá Heibrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 22. janúar 2002.